



Hrunamannahreppur

Reglur

um notkun á fjölsætabíl áhaldahússins

1. gr.

Almennt

Um er að ræða reglur um afnot á fjölssætabíl áhaldahúss Hrunamannahrepps, hér eftir nefndur Hreppsbíllinn. Hreppsbíllinn hefur heimild til að flytja átta farþega auk ökumanns.

2. gr.

Afnotaréttindi og forgangur

Hreppsbíllinn er á forræði áhaldahúss Hrunamannahrepps og hafa starfsmenn áhaldahúss og veitna forgang að notkun bílsins í þágu sveitarfélagsins áður en frekari afnot verða leyfð.

Frjáls félagasamtök sem hafa starfsemi í Hrunamannahreppi og reka starfsemi sína ekki í hagnaðarskyni hafa síðan mögulegan afnotarétt af Hreppsbílnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ökumaður bílsins er ábyrgðarmaður hans og auk skilyrða um gild ökuréttindi er æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af aksti og meðferð slíkra bifreiða.

3. gr.

Samskipti

Þeir sem óska eftir því að fá afnot af Hreppsbílnum skulu hafa samband við starfsmenn áhaldahúss/umsjónarmanns bílsins með eins góðum fyrirvara og unnt er og a.m.k með sólarhrings fyrirvara á netfangið ahaldahus@fludir.is. Koma þarf fram á hvaða tíma afnot hefjast og þeim líkur, í hvað tilgangi farið er fram á afnotin og í nafni hvaða félagssamtaka afnotin fara fram.

Ef upp koma vandamál við afnot bílsins eða einhverjar skemmdir verða skal vera í sambandi við starfsmenn áhaldahúss/umsjónarmanns bílsins.

4. gr.

Móttaka og skil

Móttökustaður og skil Hreppsbílsins er við áhaldahús Hrunamannahrepps nema aðilar semji um annað. Bílnum skal skilað í sama ástandi og tekið var við honum og skulu starfsmenn áhaldahússins kappkosta að bíllinn sé þrífalegur við upphaf afnota. Bílnum skal skila vel þrífnum að innan þannig að ekkert rusl eða aðrir lausir munir séu skildir eftir. Þá skal gólf og sæti þrífín/ryksuguð. Við skil bílsins er æskilegt að þrifa hann að utan en þó ekki skylda ef aðstæður bjóða ekki upp á það. Neysla matvæla og drykkja er ekki bönnuð í bílnum en gæta skal sérstaklega að því að hún valdi ekki óþrífum og skemmdum á honum.

Ef við skil á bifreiðinni séu þrif ekki viðunandi að mati starfsmanna áhaldahússins er heimilt að þrifa bílinn á kostnað afnotahafa en gæta skal þess að skrá/mynda viðkomandi aðfinnslur og láta ábyrgðarmann bifreiðar vita.

Ef skemmdir verða á bifreiðinni sem eru óviðráðanlegar og ekki af völdum ásetnings eða stórfells gáleysis ökumanns þá tekur sveitarfélagið/tryggingarfélag bílsins ábyrgð á slíkum atvikum en að örðum kosti er það á ábyrgð ökumanns eða viðkomdi félags.

5. gr.

Endurgjald fyrir afnotin

Ekki er um sérstakt endurgjald að ræða af bifreiðinni nema að henni skal skilað í sama ástandi og við móttöku hennar og með fullan eldsneytistank.

6. gr.

Önnur ákvæði

Ef reglur þessar eru brotnar eða ekki fylgt fyrirmælum starfsmanna Hrunamannahrepps varðandi meðferð hreppsbílsins er heimilt að að neita viðkomandi frekari afnotum af bifreiðinni.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 9. janúar 2020 og taka þegar gildi.

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri Hrunamannahrepps